

Aurburður í rafstöðvalón.

Nokkuð hefur verið rætt um það hér á stofnuninni, að mikilvæga þekkingu á aurburði mætti öðlast, ef mæld væri malarsöfnun í lón rafstöðvanna.

Vatnamælingarnar leggja því til að hafizt verði handa um þessa athugun.

Það sem gera þarf:

1. Draga fram hér á teiknistofunni þær teikningar, sem til eru af rafstöðvalónum, t.d. frá Gönguskarósárvirkjun, Rjúkandivirkjun og þá einnig frá Grímsárvirkjun, sem nú er í uppsiglingu.

2. Ræða málið við Rafmagnsveitur ríkisins og aðra þá aðila, sem áætlunardeildin hefði samvinnu við um þetta mál.

3. Telja má fullvíst, að teikningar þær, sem til eru frá flestum eða öllum stöðunum, sem til greina koma séu ófullnægjandi, kortleggja þarf því rafstöðvalónin.

4. Setja þarf niður föst merki beggja vegna við lónin. Föstu merkin eru fleygboltar, sem standast á, tveir og tveir. Hallamælt yrði svo milli þeirra þvert yfir lónið. Við hvert lón yrði að hafa nokkur slík fleygboltapör, t.d. með fimm metra millibili, þó mjög breytilegt eftir stærð lónsins og öðrum staðháttum. Fleygboltapörin mætti svo númera A₁-A₂, B₁-B₂ o.s.frv.

Hagkvæmt mundi reynast að hafa fleygboltana augabolta, svo að strengja mætti á milli þeirra og renna bát (t.d. gúmbát) eftir strengnum, þegar malarsöfnun væri athuguð. Boltana væri rétt að staðsetja, sem næst 20 cm yfir vönjulegu vatnsborði lónsins.

5. Setja yrði reglur um þessar athuganir.

Samþykktur.

Kvæðunardeild & vinnuáætlun

Júlíus Frankson

20/2'56

Jakob Sørensen

Reykjavík, 21. febr. 1956

S. Þorst